

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit**  
**með fjármálum sveitarfélaga, nr. 502/2012.**

1. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Að ósk viðkomandi sveitarfélags er eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skylt við útreikning á afkomu og fjárhagsstöðu þess skv. 13. og 14. gr. að undanskilja tekjur, útgjöld, eignir, skuldir og skuldbindingar sem hljóttast af eignarhlutum þess í veitu- og orkufyrirtækjum, enda verði það fyrir umtalsvert meiri útgjöldum og/eða beri umtalsvert meiri skuldir en annars væri vegna eignarhlutanna.

Ákvæði 1. mgr. fellur úr gildi 1. janúar 2030.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 3. mgr. 64. gr. og 81. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 24. október 2024.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Ingilín Kristmannsdóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 28. október 2024